

Nr. 48.

10.
nóvbr.

L ö g

um breyting og viðauka við lög 22. nóv. 1907 um bæjarstjórn
í Hafnarfirði.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Kjörskrá sú, er um ræðir í 7. gr. laga 22. nóv. 1907 um bæjarstjórn í Hafnarfirði, skal samin fyrir árslok og gilda fyrir almanaksárið næst eftir, þótt aukakosning í bæjarstjórn fari fram á því ári. Þó skal kjörstjórn leyfa þeim að kjósa, er á kjördegi sannar fyrir henni, eða henni er full vitanlegt, að fullnægt hefir skilyrðum fyrir kosningarrjetti síðan kjöskrá var samin.

2. gr.

Aukaniðurjöfnun þá, sem eftir 22. gr. sömu laga á að fara fram í júní, má bæjarstjórn láta fara fram í maí.

3. gr.

Gjalddagi bæjargjaldanna skal vera einn á ári hverju, hinn 1. dag júlímánaðar. Sá, sem settur er á aukaniðurjöfnunarskrána, er skyldur að greiða skatt frá þeim tíma, er hann flutti sig til kaupstaðarins, nema hann fyrir nokkuð af þeim tíma hafi greitt útsvar annarstaðar.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 10. nóvember 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Nr. 49.

10.
nóvbr.

L ö g

um eignarnámsheimild fyrir bæjarstjórn Ísafjarðar á lóð
og mannvirkjum undir hafnarbryggju.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðar veitist heimild til að láta eignarnám fara fram á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju og byggingar og svæði í sambandi við bryggjuna.